

Ed. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Upphaf 7. tölul. 32. gr. laganna skal orða svo:

Hafi enn fremur 3 ár samtals verið alþingismaður, skrifstofustjóri Alþingis eða fulltrúi í skrifstofu þess, skrifstofustjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, þar á meðal borgardómara, borgarfégeta og sakadómara í Reykjavík, eða fulltrúi lögreglustjórans þar, lögreglustjóri eða bæjarstjóri, ritari forseta Íslands o. s. frv.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 67 28. des. 1944.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rétt þykir að láta starfstíma ritara forseta Íslands veita sama rétt til embættisgengis og önnur störf, sem talin eru upp í 7. tölul. 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Þegar löggin voru sett árið 1936, var starf þetta ekki til, en þegar 7. tölul. 32. gr. laganna var síðast breytt, í árslok 1944, hafði ríkisstjóraritari og forsetaritari starfað í 3½ ár, en þá var það aukastarf fulltrúa í stjórnarráðinu, sem öðlaðist embættisgengi sem stjórnarráðsfulltrúi, og var því ekki tilefni til að taka starf þetta sérstaklega inn í 7. tölul. 32. gr. laganna.

Nú er starf þetta aðalstarf, og þykir því eðlilegt, að það veiti sömu réttindi og önnur sambærileg störf.